

29. júlí 1982

69

Nr. 15

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar.

Samningur frá 5. mars 1981 um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar öðlaðist gildi endanlega 1. júní 1982. Hann öðlaðist gildi til bráðabirgða við undirritun, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1981 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. júlí 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

29. júlí 1982

Nr. 16

AUGLÝSING

um samning við Sovétríkin um efnahagssamvinnu.

Samningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna um efnahagssamvinnu var undirritaður í Reykjavík 2. júlí 1982. Samningurinn öðlaðist gildi við undirritun.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. júlí 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sovétríkjanna um efnahagssamvinnu.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Sovétríkjanna, sem æskja þess á grundvelli jafnréttis og beggja hags að stuðla að þróun efnahagssamvinnu Íslands og Sovétríkjanna, þ. m. t. samvinnu á sviði iðnaðar, vísinda og tækni, sem þar við tengist, sem hafa hliðsjón af erindaskiptum samningsaðilanna hinn 25. maí 1927, viðskipta- og greiðslusamningi milli Íslands og Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953, eins og honum var breytt með bókun 31. október 1975, bókun frá 11. september 1980 um gagnkvæmar vöruafgreiðslur frá Íslandi og Sovétríkj-unum á árunum 1981—1985, samningi milli Íslands og Sovétríkjanna um menningar-, vísinda- og

C 10